

Ed.

540. Nefndarátt

um frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Það verður engan veginn sagt, að hið fyrirbyggjandi frv. geri nokkrar stórfeldar breytingar á hinni gildandi löggjöf í þessu efni.

Að sumu leyti gætir í frv. nokkurrar tilslökunar á löggjöfnni um helgidagahald.

Þannig eru samkv. 4. gr. frv. almennar skemtanir, markaðir og aðrar athafnir, sem hávaði er að, gerðar frjálssar eftir kl. 3 síðdegis á hinum almennu helgidögum, í stað þess að samkvæmt gildandi löggjöf má enga markaði halda á neinum helgidegi og almennar skemtanir og hávaðasamar athafnir eigi fyr en eftir miðaftan.

Ennfremur er í frv. ekkert tímatakmark sett fyrir því, hve lengi opinberar skemtanir megi standa kvöldið fyrir almenna helgidaga, í stað þess að eftir gildandi lögum mega slíkar skemtanir eigi standa lengur en til miðnættis.

Loks er í frv. skirdagur ekki gerður rjetthærri en almennur sunnudagur, í stað þess að hann er eftir gildandi lögum jafnhelgur talinn sem föstudagurinn langi og hinir fyrri dagar stórhátíðanna.

En jafnframt því, að þessar tilslakanir eru gerðar, er líka samkvæmt síðari málslíð fyrri málsgreinar 1. gr. frv. og fyrri málslíð síðari málsgreinar sömu greinar hert allverulega ákvæðin viðvikjandi helgihaldinu.

Þessa skerping á helgidagalöggjöfnni telur nefndin meira virði en þær tilslakanir, sem gerðar eru í frv., og það því fremur, sem vænta má, að hún sje gerð með samþykki meginþorra skipaútgerðarmanna. Og vegna þessa, sem og hins, að breytingar á frv. mundu eftir atvikum verða því að falli, leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Guðm. Ólafsson.

Eggert Pálsson,
fundaskr. og frsm.